



Ó helga nótt, þín stjarna blikar blíða,
Þá barnið Jesús fæddist hér á jörð.
Í dauða myrkurum daprar þjóðir stríða,
uns Drottinn birtist sinni barna hjörð.
Nú glæstar vonir gleðja hrjáar þjóðir
því Guðlegt ljós af háum himni skín.
Föllum á kné. Nú fagna himins englar,
Frá barnsins jötu blessun streymir, blítt og hljótt til þín.
Ó helga nótt, ó heilaga nótt.

Vort trúar ljós, það veginn okkur vísi,
hjá vöggu Hans við stöndum hræð og klökk
og kyrrlát stjarna kvöldsins öllum lýsi,
er koma vilja hér í bæn og þökk.
Nú konungurinn Kristur Drottinn fæddist
hann kallar oss í bróður bæn til sín.
Föllum á kné. Nú fagna himins englar,
hjá lágum stalli lífsins kyndill, ljóma, fagurt skín.
Ó helga nótt, Ó heilaga nótt.

Sigurður Björnsson / Adolph Adams

Moldun

Allt eins og blómstrið eina
upp vex á sléttri grund
fagurt með frjövgun hreina
fyrst um dags morgunstund,
á snöggu augabragði
af skorið verður fljótt,
lit og blöð niður lagði -
líf mannlegt endar skjótt.

Hallgrímur Pétursson

Ég lifi' í Jesú nafni,
í Jesú nafni' eg dey,
þó heilsa' og líf mér hafni,
hræðist ég dauðann ei.
Dauði, ég óttast eigi
afl þitt né valdið gilt,
í Kristí krafti' eg segi:
Kom þú sæll, þá þú vilt.

Blessun

Eftirspil

Ein bisschen Frieden
Ralph Siegel



Prestur: Séra Daníel Ágúst Gautason
Organisti: Jónas Þórir
Kór: Kvartett úr Voces Masculorum
Umsjón útfarar: Harpa útfararstofa

**Ástvinir þakka auðsýnda samúð og vinarhug og
bjóða viðstöddum að þiggja veitingar að athöfn
lokinni í safnaðarheimili kirkjunnar**

Jarðsett verður í Gufuneskirkjugarði – J-1-227



Prentun: Litróf

Ellen Svava Stefánsdóttir

Fædd 24. mars 1922
Dáin 10. desember 2023



Útför frá Bústaðakirkju
þriðjudaginn 19. desember 2023

Forspil

Nóttin var sú ágæt ein

Einar Sigurðsson frá Heydölum / Sigvaldi Kaldalóns

Signing og bæn

Fögur er foldin,
heiður er Guðs himinn,
indæl pílgríms ævigöng.
Fram, fram um víða
veröld og gistum
í Paradís með sigursöng.

Kynslóðir koma,
kynslóðir fara,
allar sömu ævigöng.
Gleymist þó aldrei
eilífa lagið
við pílgrímsins gleðisöng.

Fjárhirðum fluttu
fyrst þann söng Guðs englar,
unaðssöng, er aldrei þver:
Friður æa foldu,
fagna þú, maður,
frelsari heimsins fæddur er.

Matthías Jochumsson / Þjóðlag frá Slésiu

Ritningarlestur

Hærra, minn Guð, til þín,
hærra til þín,
enda þótt öll sé kross
upphæðin mín.
Hljóma skal harpan mín:
Hærra, minn Guð, til þín,
hærra til þín.

Sofanda sýndu þá
sólstigans braut
upp í þitt eilífa
alföðurskaut.
Hljómi svo harpan mín:
Hærra, minn Guð, til þín,
hærra til þín.

Lyfti mér langt í hæð
lukkunnar hjól,
hátt yfir stund og stað,
stjörnur og sól,
hljómi samt harpan mín:
Hærra, minn Guð, til þín,
hærra til þín.

Matthías Jochumsson / Adams



Nú sefur jörðin sumargræn.
Nú sér hún rætast hverja bæn
og dregur andann djúpt og rótt
um draumabláa júlínótt.

Við ystu hafsbrún sefur sól,
og sofið er í hverjum hól.
Í sefi blunda svanabörn
og silungur í læk og tjörn.

Nú dreymir allt um dýrð og frið
við dagsins þögla sálarhlið,
og allt er kyrrt um fjöll og fjörð
og friður drottins yfir jörð.

Davíð Stefánsson / Þorvaldur Blöndal

Bæn og Faðir vor

Guðspjall

Smávinir fagrir, foldarskart,
fífill í haga, rauð og blá
brekkusóley, við mættum margt
muna hvort öðru að segja frá.

Faðir og vinur alls, sem er,
annastu þennan græna reit.
Blessaðu, faðir, blómin hér,
blessaðu þau í hverri sveit.

Vesalings sóley, sérðu mig?
Sofðu nú vært og byrgðu þig.
Hægur er dúr á daggarnótt.
Dreymi þig ljósið, sofðu rótt!

Jónas Hallgrímsson / Jón Nordal

Minningarorð

